

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**920. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 19. september 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

### **Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

### **Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir.

### **Afgreiðslur:**

- 1. Formaður Félags sauðfjárþænda í Húnaþingi vestra, Ólafur Benediktsson ásamt Matthildi Hjálmarasdóttur mæta til fundar við byggðarráð.** Kynntu þau samantekt um mat félagsins á þeirri lækkun á afurðaverði til sauðfjárþænda í Húnaþingi vestra sem boðuð hefur verið og áhrif þess á afkomu þænda á svæðinu. Er það mat þeirra að útsvarstekjur sveitarfélagsins lækki um 6,5 milljónir á ári vegna þessa.
- 2. Rekstrarstjóri Skúli Húnn Hilmarsson** mætir til fundar við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem unnið er að s.s. framkvæmdir í grunnskóla, lagning hitaveitu og ljósleiðara í dreifbýli, plan við Hirðu ofl.
- 3. 1609058 Lagt fram til kynningar bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 13. september sl. um utankjörfundaatkvæðagreiðslur.** Sami háttur var hafður á utankjörfundaatkvæðagreiðslu í Húnaþingi vestra við forsetakosningarnar og verið hefur undanfarin ár.
- 4. 1609060 Lagt fram til kynningar afrit bréfs Geirs Karlssonar yfirlæknis Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hvammstanga til lögreglunnar á Norðurlandi vestra um stöðu löggæslumála í Húnaþingi vestra.** Í bréfinu koma fram áhyggjur hans vegna stöðu löggæslumála í Húnaþingi vestra og rakin atburðarás þegar slys varð í höfninni á Hvammstanga þann 24. ágúst sl. Í bréfinu lýsir Geir stórum áhyggjum af mönnun lögreglu hér á svæðinu og hvetur lögreglustjóra og ráðamenn til að endurskoða ríkjandi skipulag og íhuga hvort ekki sé mögulegt að hafa vakt lögreglu hér á Hvammstanga til að dreifa mannskap betur um vaktsvæðið. Byggðarráð tekur undir áhyggjur yfirlæknis og mun ræða innihald bréfsins á fundi með innanríkisráðherra þann 21. september n.k.
- 5. 1609061 Lagt fram til kynningar bréf frá Íbúðalánasjóði dags. 12. september sl. um framkvæmd laga um almennar íbúðir.**

6. **1609042 Lagt fram tölvubréf frá Kítón**, sem frestað var á 919. fundi, beiðni um styrk vegna heimildarmyndar um tónsmiðju Kítón á Hvammstanga. Samþykkt að styrkja Kítón um kr. 90.000
7. **1609081 Lagt fram Bréf Minjastofnunar Íslands** dags. 14. september sl. þar sem tilkynnt er úthlutun styrks úr húsfriðunarsjóði 2016 að upphæð kr. 5.520.000 í verkefnið „Verndarsvæði í byggð-Borðeyri-verslunarstaður í Hrútafirði“.
8. **1609058 Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga** frá 2. september sl. Samþykkt að taka á dagskrá.
9. **Borist hafa tölulegar upplýsingar frá lögreglustjóra Norðurlands vestra** um tilkynningar og brot í Húnaþingi vestra síðastliðin fjögur ár. Enn er verið að bíða eftir gögnum frá lögreglu um samskipti við 112 þann 24. ágúst sl., daginn sem bíll fór í höfnina á Hvammstanga, og áhættumat sem gert hefur verið fyrir svæðið.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:33

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

---

Elín R. Líndal

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir